

Ársskýrsla 2023

Knattspyrnudeild Breiðabliks



Frá leik Breiðabliks gegn FC Struga - Mynd: Haukur Gunnarsson Fotbolti.net

Um starfsemina 2023

Almennt um starfsemina

Það er af mörgu að taka í starfsemi knattspyrnudeildar Breiðabliks þegar lítið er yfir síðastliðið ár. Verkefni voru fjölmörg sem endurspeglar víðfema og fjölpætta starfsemi okkar. Hér í ársskýrslunni er gerð grein fyrir helstu atriðum í starfseminni og reynt að draga fram þau viðfangsefni sem við er að glíma á hverjum tíma.

Knattspyrnudeild Breiðabliks var stofnuð 1957. Hún er ein tólf deilda Breiðabliks og sú fjölmennasta. Starfsemi knattspyrnudeildar má í meginatriðum skipta í tvennt. Annars vegar barna- og unglingastarf og hinsvegar rekstur meistaraflokka karla og kvenna. Um leið og þessi starfsemi og rekstur þessara tveggja stoða er eðlisólík þá er starfsemin samtvinnuð og óaðskiljanleg. Það ber að hafa í huga í öllu starfinu.

Á árinu 2023 voru tæplega 1650 iðkendur á aldrinum 4 til 18 ára og spiluðu þeir 872 leiki ásamt þátttöku í stökum mótum. Í meistaraflokkum félagsins voru 49 leikmenn.

Auk þessa umfangsmikla hefðbundna rekstar er það ávallt verkefni að bæta aðstöðu og umgjörð fyrir okkar iðkendur. Í því voru stigin skref á árinu og má þar nefna opnun á verslun með búninga í Smáranum sem bæði skilar sér í lægra verði til iðkenda og einnig í hagræði fyrir forráðamenn og iðkendur. Á árinu voru einnig undirbúin ýmis önnur verkefni í aðstöðumálum sem rakin eru hér á eftir.

Knattspyrnudeildin starfar náið með aðalstjórn félagsins sem fer með aðstöðumál félagsins og samskipti við bæjaryfirvöld og hefur það samstarf gengið afar vel. Það er mikilvægt fyrir alla okkar starfsemi að félagið sem slíkt tali einni röddu inn í samfélagið enda er félagið mikilvægur hluti af bæjarsamfélaginu í Kópavogi, nýtur mikils velvilja en hefur um leið tekið á sig margháttáðar mikilvægar skyldur.

Á árinu 2023 voru tæplega 1650 iðkendur á aldrinum 4 til 18 ára og spiluðu þeir 872 leiki ásamt þátttöku í stökum mótum. Í meistaraflokkum félagsins voru 49 leikmenn.

Meistaraflokkur karla spilaði 56 leiki í opinberum mótum, þar af 16 í Evrópukeppnum sem er Íslandsmet og heggur nálægt Evrópumeti. Meistaraflokkur kvenna spilaði 33 leiki í opinberum mótum. Hjá knattspyrnudeild voru 75 þjálfarar, aðstoðarþjálfarar styrktarþjálfarar og sjúkraþjálfarar í starfi á árinu.

Rekstartekjur knattspyrnudeildar voru 1.094.968.890 og rekstargjöld 1.003.030.616 og var afkoman af reglulegri starfsemi því jákvæð um 91.938.274.

Velta af reglulegri starfsemi jókst um tæplega 30% og skýrist það að stærstum hluta af þátttöku meistaraflokks karla í Evrópukeppnum en þeim fylgja ákveðnar tekjur en einnig mikil útgjöld.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla náði þeim markverða árangri að tryggja sér sæti í riðlakeppni Sambandsdeildar Evrópu fyrst íslenskra liða í karlaflokki til að ná þeim árangri. Þetta er frábær árangur sem liðið vann fyrir með frábærri frammistöðu í lykilleikjum á Evrópusviðinu.

Í Bestu deildinni endaði liðið í 4. sæti og var sá árangur undir væntingum, en ber að skoða í ljósi þess mikla álags sem fylgdi þátttöku í Evrópukeppnunum. Það má segja að félagið hafi gildið þess að ákveðnu leyti að vera fyrst íslenskra liða til að vera í þessum sporum. Það er umhugsunarefni fyrir knattspyrnuhreyfinguna í heild sinni hvernig styðja eigi við íslensk lið svo þau geti náð sem bestum árangri og hvort KSÍ eigi ekki að hafa meiri völd eða kjark til þess að leysa úr þeim ágreiningsmálum og núningi sem upp kunna að koma.

Í Evrópukeppninni spilaði liðið 16 leiki, keppti við lið frá 9 þjóðlöndum og ferðaðist til 7 landa. Leikmennirnir flugu 39.000 kílómetra og voru 28 nætur fjarverandi.

Þjálfari meistaraflokks karla, Óskar Hrafn Þorvaldsson, lét af störfum 8. október 2023 en hann kom til félagsins í október 2019. Óskar kom inn með sínar áherslur og metnað sem sjá mátti í öllu hans starfi. Umgjörð og fleira tóku umtalsverðum breytingum. Með sínum krafti ýtti Óskar félaginu áfram í að vaxa og þroskast. Á hans starfstíma varð karlalið Breiðabliks Íslandsmeistari 2022, með yfirburðum, í annað sinn í sögu félagsins.

Óskari Hrafni eru færðar þakkir fyrir sín góðu störf fyrir félagið og meistaraflokkinn og óskum við honum alls hins besta í nýju verkefni í Noregi og í framtíðinni.



Strákarnir fagna marki á Laugardalsvelli - Mynd: Haukur Gunnars Fotbolti.net

Halldór Árnason var ráðinn þjálfari meistaraflokks karla 8. október 2023. Halldór þekkir vel til hjá Breiðabliki og við þekkjum vel til hans. Hann hefur starfað sem aðstoðarþjálfari síðan 2019 og verið ómetanlegur hluti af þjálfun liðsins. Halldór er fæddur 1984 og hefur meðal annars þjálfað hjá KR, Stjörnunni og Gróttu. Það verður gaman að fylgjast með störfum hans í sumar og á komandi árum en Halldór skrifaði undir samning við Breiðablik til 2026.

Eyjólfur Héðinsson var ráðinn aðstoðarþjálfari við hlið Halldórs en hann hefur starfað í meistaraflokksteyminu síðan síðasta vor í ýmsum hlutverkum.

Eyjólfur er boðinn hjartanlega velkominn til starfa í þessu nýja hlutverki.



Meistaraflokkur karla 2023

Meistaraflokkur kvenna

Gengi meistaraflokks kvenna var nokkuð brottgengt í sumar. Eftir ágæta byrjun hallaði undan fæti í deildarkeppninni, liðið náði þó þeim frábæra árangri að tryggja sér sæti í bikarúrslitum þriðja árið í röð. Í úrslitaleiknum sjálfum gekk hins vegar ekki vel, liðið var ólíkt sjálfu sér og tapaði fyrir baráttuglöðum Víkingum með 1 marki gegn 2.

Komu þessi úrslit á óvart miðað við stöðu liðanna í deildakeppni og var greinilegt að niðurstaðan hafði mikil áhrif á liðið í komandi leikjum sem töpuðust.

Ákveðið var leysa Ásmund Arnarsson þjálfara frá störfum í lok ágúst og óskaði Kristófer Sigurgeirsson, aðstoðarþjálfari, að láta af störfum jafnhliða. Það var mat stjórnarinnar að breytingar væru óhjákvæmilegar í ljósi stöðunnar og mikilvægis þess að félagið næði Evrópusæti.



Stelpurnar fagna marki - Mynd: Hafliði Breiðfjörð Fotbolti.net

Sú ákvörðun var tekin með hagsmuni félagsins til grundvallar og byggð á faglegu mati. Það er ekki einfalt eða auðvelt að taka slíka ákvörðun og á aldrei að vera það. Ásmundur hefur starfað hjá okkur síðan í október 2020 en hann tók við liðinu í meistaradeild Evrópu og stýrði liðinu meðal annars á móti Real Madrid og PSG í Covid faraldrinum miðjum. Sú þátttaka á krefjandi tímum gleymist ekki og bjó til reynslu sem mun nýtast til framtíðar. Ásmundur hefur einnig skilað miklu starfi innan félagsins sem foreldri og sjálfbóðaliði. Knattspyrnudeildin þakkar Ásmundi kærlega fyrir sín störf og óskar honum velfarnaðar í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni.

Til að ljúka tímabilinu tóku þau Gunnleifur Gunnleifsson, Ólafur Pétursson, Kjartan Stefánsson og Ana Cate við liðinu og stýrðu því til mótsloka. Þau komu inn í krefjandi verkefni sem þau leystu með sóma og kann knattspyrnudeildin þeim bestu þakkir fyrir. Liðið tryggði sér svo annað sætið í deildinni með kærkomnum og sanngjörnum sigri á Val á Hlíðarenda í síðasta leik tímabilsins. Breiðablik mun því spila í Evrópukeppni kvenna á árinu 2024.

Liðið tryggði sér svo annað sætið í deildinni með kærkomnum og sanngjörnum sigri á Val á Hlíðarenda í síðasta leik tímabilsins. Breiðablik mun því spila í Evrópukeppni kvenna á árinu 2024.

Stjórn Knattspyrnudeildar réð Nik Sheila Chamberlain sem þjálfara meistaraflokks kvenna í október og var Edda Garðarsdóttir jafnhliða ráðin aðstoðarþjálfari. Nik hefur starfað sem þjálfari hjá Þrótti síðan 2016 við góðan orðstír og náð ágætum árangri með liðið. Edda hefur

starfað það með honum en Blikar þekktja til hennar en hún spilaði 60 leiki fyrir Breiðablik og skoraði í þeim 23 mörk.

Knattspyrnudeildin hlakkar til að sjá til starfa þeirra á komandi árum hjá félaginu og bjóða Nik og Eddu hjartanlega velkomin til starfa.



Meistaraflokkur kvenna 2023

Barna- og unglíngastarf

Barna- og unglíngastarf knattspyrnudeildar var líkt og áður fyrr viðburðaríkt og skemmtilegt á liðnu fótboltaári. Eins og áður segir æfa alls u.þ.b. 1650 iðkendur knattspyrnu í yngri flokkunum.

Hjá félaginu starfa 55-65 þjálfarar í yngri flokkunum ýmist við þjálfun einstakra flokka, sérþjálfun eða styrktar- og markmannsþjálfun. Knattspyrnudeildin er afar heppin að hafa á að skipa hæfum og vel menntuðum þjálfurum sem hafa mikin metnað í sínum störfum í breiðum skilningi.

Starfið er fjölbreytt og viðamikíð eins og gefur að skilja og voru leikir meistaraflokka niður í 5. flokk karla og kvenna í Íslandsmótum og bikarkeppnum seinasta sumars alls 872 talsins. Er

Það fjölgun um ríflega 200 leiki frá árinu 2022.

Þar að auki sendir Breiðablik fjölmenna hópa á flest knattspyrnumót hérlendis sem og að sækja afreksmót erlendis með eldri flokkana. Er það hluti af starfseminni sem fer vaxandi og gefur ungum iðkendum færi á að bera sig saman við jafnaldra á háu getustigi.



Kátir Blikar á Eyjamóti

Símamót Breiðabliks fór fram í 39. skiptið árið 2023 og voru þar mættar ríflega 2900 stúlkur á aldrinum 5-12 ára. Er þetta fjölmennasta knattspyrnumót landsins og stjórn Breiðabliks er afar stolt af þeirri staðreynd. Gríðarleg vinna sjálfboðaliða í undirbúningi og á mótinu sjálfu gerir félaginu kleift að halda svo glæsilegt mót ár eftir ár. Undirstrikar það enn og aftur að starf knattspyrnudeildarinnar, eins og félagsins í heild, er borið uppi á sjálfboðaliðum og þeirra óeigingjarna framlagi.

Einnig fer fram í janúar ár hvert Ali-mót Breiðabliks en þar koma saman drengir í 5. flokki og fylla Fífuna af lífi í skammdeginu. Ali-mótið er haldið af foreldrum 5. flokks hverju sinni sem fjáröflun fyrir fótboltasumarið.

Á seinasta Síamóti var lögð sérstök áhersla á dómara og var „Bleika spjaldið“ m.a. kynnt til leiks til að minna á jákvæða framkomu og virðingu í garð þeirra. Sú tilraun gafst vel og vakti athygli í knattspyrnusamfélaginu.



Setningarathöfn Síamótsins 2023 - A landslið kvenna í forgrunni

Þjálfun ungmenna snýr að mörgum þáttum og þar er hægt að mæla árangur á margvíslegan máta.

Úrslit leikja gefa ekki alltaf rétta mynd á þróun liða eða einstaklinga heldur er það blanda af frammistöðu í leikjum, á æfingum og þess á milli sem horft er til.

Þrátt fyrir það náðist góður árangur í mörgum flokkum félagsins á liðnu ári. 5. flokkur kvenna sigraði öllu mót ársins í A-liði og urðu í lok sumars Íslandsmeistarar. 4. flokkur drengja vann tvöfalt, Íslandsmót og bikarmeistaratitilinn og 3. flokkur karla hreppti silfur í þessum keppnum einnig.

Við viljum að öllum iðkendum líði vel, og geti þroskast og dafnað og fengið verkefni og viðfangsefni við hæfi. Breiðablik tekur þá ábyrgð og það traust sem iðkendir, foreldrar, aðstandendur og samfélagið í Kópavogi sýna deildinni afar alvarlega og ætlum við okkur að standa undir henni.



5 flokkur kvenna sigursælar árið 2023



4 flokkur drengja Íslands- og bikarmeistarar

Ýmislegt


Eitt af stóru verkefnum sem trúlega lýkur aldrei er að tryggja okkar liðum og iðkendum góða aðstöðu á sem flestum sviðum. Í upphafi árs var aðstaðan til styrktarþjálfunar fyrir

meistaraflokka í stúkunni endurnýjuð algjörlega og var sú framkvæmd styrkt af Minningarsjóði Guðmundar Óskarssonar.

Skipt var um gervigras á Kópavogsvelli á árinu, var sú framkvæmd á vegum Kópavogsbæjar sem á völlinn og rekur hann. Vegna þátttöku strákanna í Evrópukeppninni var nauðsynlegt að skipta um gras til að uppfylla skilyrði UEFA um gæði vallarins svo við gætum spilað okkar heimaleiki þar. Í framhaldi af því unnu starfsmenn og sjálfboðaliðar hálfgert kraftaverk í því að tryggja að heimaleikir við FC Struga og FC Kaupmannahöfn færu fram í Kópavogsdalnum. En það leiddi líka vel fram þær breytingar og lagfæringar sem þurfa að fara fram á Kópavogsvelli og ber þar fyrst að nefna öflugri fljóðljós sem eru alger forsenda. Aðra þætti má leysa í einhverjum tilfellum með bráðabirgðalausnum eða tímabundum undanþágum.

Það að eiga að spila heimaleiki í Sambandsdeildinni á Laugardagsvelli á þessum árstíma er krefjandi og kallaði á mjög mikla vinnu af hálfu starfsfólks KSÍ og Breiðabliks. Þrátt fyrir það er aðstaðan ekki boðleg og dró að einhverju leyti úr ánægju stuðningsmanna með afrekið. Það var líka einkennilegt að mikið af umræðunni í aðdraganda leikjanna snérist um þær „gríðarlegu“ tekjur sem Breiðablik fengi fyrir þátttökuna og hver ætti að borga „pýlsuna“. Um það má segja tvennt. Þátttöku í Sambandsdeild fylgja umtalsverðar tekjur en einnig umtalsverð útgjöld! Varðandi Laugardalsvöll þá greiddi Breiðablik að sjálfsögðu leigu fyrir aðstöðu og aðstoð og sinn eðlilega hlut í pýlsunni. Breiðablik sendir kærar þakkir til starfsfólks og stjórnar KSÍ fyrir samstarfið og samvinnuna í kringum þessa leiki. Þá viljum við sérstaklega þakka Blikanum Gunnari Gylfasyni fyrir alla hans aðstoð og vinnu í kringum Evrópukeppnirnar bæði héraendis og erlendis, þekking hans og tengslanet nýttist félaginu afar vel í þessum nýju verkefnum.

Vegna veðurskilyrða var síðasti heimaleikurinn við Maccabi Tel-Aviv spilaður á Kópavogsvelli kl. 13:00. Ekki er þörf á að fara mörgum orðum um stríðsátök og hörmungar á Gazasvæðinu. Stjórn Breiðabliks lagði áherslu á að liðið hefði unnið sér sæti í Sambandsdeildinni með dugnaði og góðri spilamennsku. Það væri ekki í boði að neita að spila leikinn, slíkt myndi hafa í för með sér umtalsverðar fjársektir fyrir félagið og líklega alvarleg áhrif á íslenska knattspyrnu.



Gildi Breiðabliks

Öll framganga leikmanna Breiðabliks og stuðningsmanna var til fyrirmyndar og félaginu til sóma í flóknum og erfiðum aðstæðum.

Það vaknar þó upp sú spurning að svo til enginn úr knattspyrnuhreyfingunni, hérlandis eða á Evrópuvísu eða í ríkisstjórn tók þátt í þessari erfiðu umræðu og ákvarðanatöku í aðdraganda leiksins. Þar var Breiðablik nokkuð eitt á sviðinu og í raun eini aðilinn sem ekki komst hjá eða kom sér undan að svara opinberlega og skýra ólík sjónarmið. Það má velta fyrir sér hvort slíkt sé eðlilegt hlutverk talsmanna knattspyrnudeildar.

Lagður var grunnur að fleiri verkefnum sem snúa að aðstöðumálum og ber þar helst að nefna undirbúningsvinna við nýtt gervigras við hlið Fífunnar og að bæta aðstöðu fyrir þjálfara yngri flokka. Bæði þessi verkefni munu skýrast á árinu 2024.

Eitt af viðfangsefnum er að fjölga áhorfendum á leikjum félagsins, kynna okkar góða starf og auka umræðu um íslenskan fótbolta.

Við þurfum að standa okkur enn betur í að miðla upplýsingum og okkar sjónarmiðum á okkar miðlum sem verður oft tilefni til frekari umfjöllunar og áhuga í samfélaginu.

Það er ótrúlega mikil umfjöllun um íslenskan fótbolta á margvíslegum miðlum og formi. Umræðan er misjöfn eins og gengur og oft er verið að hnýta í einstök ummæli eða efnistösk. Breiðablik fagnar þessari miklu umræðu og hefur lagt sig fram um að veita gott aðgengi að þjálfurum og leikmönnum.

Pátttaka í hagsmunasamböndum

Breiðablik tekur virkan þátt í starfi Íslensks Toppfótbolta í þeim verkefnum sem samtökin sinna. Þar hæst samninga um greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi og tengda hluti, en þau framlög hafa farið vaxandi. Það er eðlilegt að uppi séu umræður um hlutverk og tilgang ÍTF og hvort rekstur þeirra sé að verða of umfangsmikill eða verkefnum megi sinna með öðrum hætti. Slíkar vangaveltur eru partur af lifandi hreyfingu þar sem við eigum öll sífellt að vera að leita leiða til að nýta fjármuni sem best fyrir íslenska knattspyrnu.

Knattspyrnusamband Íslands eru heildarsamtök knattspyrnunar á Íslandi og gegna þannig gríðarlega miklu hlutverki. Breiðablik tekur virkan þátt í starfi þess, meðal annars með setu í margvíslegum nefndum og ráðum á vegum KSÍ og þátttöku í margvíslegu fræðslustarfi og fundahöldum. Á starfsárinu var þing KSÍ haldið á Ísafirði og var það sótt af fjölmennri sveit úr Breiðablik og Augnablik. Við viljum standa undir nafni og taka þátt þó það þurfi að ferðast einhverja kílómetra, félagar okkar víðsvegar um landið gera það í miklu meira mæli en Breiðablik og eru ekkert að kvarta.

Það er mikilvægt að KSÍ sé sterkt og öflugt til að berjast fyrir og gæta hagsmuna íslenskrar knattspyrnu.

Á árinu varð Breiðablik félagi fullgildur félagi (ordinary member) í ECA (European Club Association) en Ísland á eitt slíkt hverju sinni og fellur það sæti í hlut þess íslenska félags sem er með hæstan stuðul (besta árangur) hjá UEFA.

Mun Breiðablik vera fulltrúi Íslands á þessum mikilvæga vettvangi næstu fjögur árin.

Starfsfólk

Rekstur og umfang knattspyrnudeildar Breiðabliks vex ár frá ári og mikilvægi öflugrar skrifstofu verður sífellt mikilvægara. Knattspyrnudeildin kaupir þjónustu af aðalstjórn Breiðabliks samkvæmt sérstökum samningi hvað varðar fjármál, bókhald og fleira. Á deildin afar gott og ánægjulegt samstarf við starfsmenn skrifstofu.

Starfsmenn knattspyrnudeildar eru:

Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri

Ísleifur Gissurarson, deildarstjóri Barna- og Unglingaráðs knattspyrnudeildar

Karl Magnússon, deildarstjóri afreksstarfs knattspyrnudeildar

Hákon Sverrisson, yfirþjálfari yngri flokka knattspyrnu

Úlfar Hinriksson, afreksþjálfun knattspyrnu


Gabríel Þór Stefánsson. starfsmaður

Í lok árs 2022 hætti Sigurður Hlíðar Rúnarsson, deildarstjóri knattspyrnudeildar, störfum hjá félaginu - hann hefur starfað hjá Breiðablik í átta ár og komið að svo til öllum verkefnum hjá knattspyrnudeildinni. Það er erfitt að koma í orð þeim mikla sess sem Sigurður skipar hjá sjálfboðaliðum og stuðningsfólki Breiðabliks, alltaf tilbúinn til verka með smitandi gleði og dugnaði. Knattspyrnudeild Breiðabliks þakkar Sigga Hlíðari afar vel fyrir samstarfið, óskar honum góðs gengis í því sem hann tekur sér fyrir hendur og hlakkar til að sjá hann aftur. Sigurður Hlíðar var sæmdur Silfurmerki Breiðabliks fyrir sín störf.



Sigurður Hlíðar Rúnarsson kvaddur, ásamt Eysteini Pétri Lárussyni framkvæmdastjóra

Í lok árs var samþykkt nýtt skipurit fyrir knattspyrnudeildina til að bæta vinnubrögð og gera þau faglegri og markvissari. Er það í samræmi við það sem boðað var í tengslum við mannabreytingar á árinu.



Skipurit knattspyrnudeildar Breiðabliks

Pann 1. október 2023 lét Ólafur Kristjánsson af störfum sem yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu sem var hluti af skipulagsbreytingum sem nú er lokið.

Ólafur kom til starfa í febrúar 2022. Hann var ráðinn til að efla starf knattspyrnudeildarinnar og fylgja eftir stefnumótun og skipulagi hvað varðar faglegan hluta starfsins hjá deildinni

Ólafur sinnti öllum sínum verkefnum af áhuga og eldmóð sem Blikar þekkja vel frá hans fyrri störfum fyrir félagið. Knattspyrnudeild Breiðabliks þakkar Ólafi kærlega fyrir vel unnin störf þar sem velferð og hagar Breiðabliks hefur ávallt verið í fyrirrúmi. Um leið óskum við honum velfarnaðar í í næstu verkefnum.

Karl Daníel Magnússon var ráðinn í starf deildarstjóra afreksstarfs í stað Sigurðar Hlíðars og hóf störf í mars. Karl kom frá Keflavík þar sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Stjórn og ráð

Stjórn knattspyrnudeildar á árinu 2023 sem kosin var á aðalfundi 9. nóvember 2022 skipuðu:

Flosi Eiríksson, formaður

Birna Hlín Káradóttir, varaformaður

Erna Björk Sigurðardóttir, ritari

Halldór Arnarsson, gjaldkeri

Jóhann Þór Jónsson, formaður Barna- og unglingaráðs

Bjarni Bergsson, formaður meistaraflokksráðs karla

Hekla Pálmadóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna



Stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks kjörinn á aðalfundi 2023

Um leið gengu úr stjórn þau Helgi Aðalsteinsson, varaformaður og Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna. Þeim báðum eru þökkuð frábær störf í þágu félagsins en á fundinum sæmdi Ásgeir Baldurs formaður þau bæði silfurmerki Breiðabliks. Á fundinum fékk Björgvin Rúnarsson einnig silfurmerki félagsins en hann hefur verið vallarþulur á Kópavogsvelli síðan 2010 og missir svo til aldrei úr leik.



Helgi Aðalsteinson, Ingibjörg Auður og Björgvin Rúnarsson sæmd silfurmerki af Ásgeiri Baldurs

Stjórnin fundaði formlega að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann auk margvíslegra smærri funda og samráðs.

Áhersla stjórnarinnar hefur verið að að tryggja traustan rekstur og öfluga faglega umgjörð, þar sem ákvarðanir eru teknar á vandaðan og faglegan hátt.

Stjórn skipar að loknum aðalfundi einstök ráð og voru þau þannig skipuð á starfsárinu:

Barna- og unglingaráð	Meistaraflokksráð kvenna	Meistaraflokksráð karla
Jóhann Pór Jónsson, formaður	Hekla Pálmadóttir, formaður	Bjarni Bergsson, formaður
Birgir Ingimarsson	Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir	Almar Möller
Guðný Sigurðardóttir	Kristrún Lilja Daðadóttir	Björgvin Ingvason
Guðrún Baldursdóttir	Ragna Einarsdóttir	Gunnar Porvaldsson
Hjördís Þorsteinsdóttir	Rósa Hugosdóttir	Jakob Helgi Bjarnason
Hlynur Höskuldsson	Sandra Sif Magnúsdóttir	Kristján Gunnar Ríkharðsson
Ingólfur Magnússon	Thelma Karitas Halldórsdóttir	Snorri Arnar Viðarsson
Jón Stefán Björnsson		
Sigrún Óttarsdóttir		

Hlutverk knattspyrnudeildar

Það er hollt að hafa í huga að knattspyrnudeildir og íþróttastarfsemi almennt á Íslandi er borin uppi af sjálfboðaliðum sem sinna fjölbættum verkefnum. Knattspyrnudeild Breiðabliks er í grunninn ein deild í íþróttafélagi sem samanstendur af sjálfboðaliðum. Á aðalfundi deildarinnar velja félagsmenn sér síðan stjórn sem skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á henni.

Um leið og ávallt er verið að reyna að gera ákvarðanatöku betri og auka fagmennskuna er gott að muna að á endanum eru það félagsmenn og stjórn í þeirra umboði sem ber ábyrgðina og þarf að taka lykilákvæðanir. Það felur alls ekki í sér að stjórn eigi að vera að vasast í einstökum málum, en hún á að marka stefnuna bæði félagslega og faglega, og ráða síðan lykilmál til að framfylgja henni.

Hugmyndir sem stundum hafa heyrst í opinberri umræðu um að „klúbbarnir eigi bara að láta þjálfarann ráða öllu” og einhverjar stjórnir eigi ekki að vera að skipta sér af sýna litla innsýn í það hvernig stórar og fjölbreyttar knattspyrnudeildir eru reknar árið 2023.



Bleika spjaldið vakti verðskuldaða lukku á Síamótinu

Um leið og við glötum þessari sjálfoðaliðahugsun og uppbyggingu þá er hætt við að félögin visni innan frá, æ erfiðara verður að fá fólk til margvíslegra starfa og félögin glati velvildinni og stuðningsmönnum.

Það að finna jafnvægi milli sjálfoðaliða og starfsfólks er væntanlega eilífðarverkefni þar sem verður að gæta að lýðræðislegum ákvörðunum og samfélagslegu hlutverki félaganna.

Stjórn knattspyrnudeildar vill þakka öllum styrktaraðilum, stuðningsfólki, starfsfólki Breiðabliks og aðalstjórn félagsins fyrir samstarfið og samvinnuna á árinu. Að lokum þökkum við enn og aftur öllum sjálfoðaliðunum sem koma að starfi deildarinnar á svo mörgum sviðum og gera starf knattspyrnudeildar Breiðabliks mögulegt.

Áfram Breiðablik!

Fjölmarginir Blikar tóku þátt í verkefnum á vegum KSÍ árinu 2023, í hæfileikamótun eða í úrtakshópum. Hér að neðan má sjá þá leikmenn sem tóku þátt í landsleikjum á árinu.

LANDSLIÐSFÓLK BREIÐABLIKS ÁRIÐ 2023

DRENGIR			STÚLKUR		
Damir Muminovic	1990	A	Ásta Eir Árnadóttir	1993	A
Höskuldur Gunnlaugsson	1994	A	Agla María Albertsdóttir	1999	A
Eypór Aron Wöhler	2002	U21	Telma Ívarsdóttir	1999	A
Oliver Stefánsson	2002	U21	Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir	2001	A
Anton Logi Lúðvíksson	2003	U21	Hafrún Rakel Halldórsdóttir	2002	A / U23
Arnar Númi Gíslason	2004	U19	Birta Georgsdóttir	2002	U23
Ágúst Orri Þorsteinsson	2005	U19	Andrea Rut Bjarnadóttir	2002	U23
Ásgeir Helgi Orrason	2005	U19	Bergþóra Sól Ásmundsdóttir	2003	U23
Hilmar Karlsson	2006	U17	Birna Kristín Björnsdóttir	2004	U19
Jón Sölvi Símonarson	2007	U17	Írena Héðinsdóttir Gonzalez	2004	U19
Gabriel Snær Hallsson	2007	U17	Mikaela Nótt Pétursdóttir	2004	U19
Hilmar Óli Viggósson	2007	U16	Vigdís Lilja Kristjánsdóttir	2005	U19
Gylfi Berg Snæhólm	2008	U15	Margrét Lea Gísladóttir	2005	U19
Gunnleifur Orri	2008	U15	Olga Ingibjörg	2006	U17

Gunnleifsson			Einarsdóttir		
Aron Egill Brynjarsson	2009	U15	Harpa Helgadóttir	2006	U17
Axel Marcel Czernik	2009	U15	Hrafnhildur Ása Halldórsdóttir	2006	U17
Daníel Darri Pétursson	2009	U15	Margrét Brynja Kristinsdóttir	2006	U17
Egill Valur Karlsson	2009	U15	Bryndís Halla Gunnarsdóttir	2007	U17
Rúnar Logi Ragnarsson	2009	U15	Herdís Halla Guðbjartsdóttir	2007	U17
			Katla Guðmundsdóttir	2007	U17
			Sunna Kristín Gísladóttir	2007	U17
			Rakel Sigurðardóttir	2007	U16
			Ísabella Eiríksdóttir	2007	U16
			Líf Joostdóttir van Bemmel	2007	U16 / U17
			Edith Kristín Kristjánsdóttir	2008	U15 / U17
			Lilja Pórdís Guðjónsdóttir	2008	U15